

## AUGLÝSING

### (IV) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

#### 1. gr.

Með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 628 frá 13. júlí 2012 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2012/2013 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélögum:

#### Stykkishólmsbær.

Ákvæði reglugerðar nr. 628 frá 13. júlí 2012 gilda um úthlutun byggðakvóta Stykkishólms með eftirfarandi viðauka/breytingum á 1. másl. 1. mgr. 4. gr.:

- a) 99 þorskígildistonnnum skal úthlutað til þeirra fiskiskipa sem misstu aflaheimildir vegna skelveiðibanns á Breiðafirði. Einungis fiskiskipum þeirra aðila sem orðið hafa fyrir samdrætti af þessum orsökum, verði úthlutað aflamarki samkvæmt þessum lið. Það eru bátar sem hafa aflahlutdeild í hörpuskel í Breiðafirði þann 1. september 2012 og stunduðu skelveiðar í Breiðafirði á tveimur síðustu skelvertíðum fyrir veiðibannið. Byggðakvótanum verði úthlutað í hlutfalli við aflahlutdeild í hörpuskel í Breiðafirði þann 1. september 2012. Nú á útgerðin aðra báta en hlutdeildin er skráð á og skal Fiskistofa þá, að beiðni útgerðar, úthluta byggðakvótanum til þeirra, svo framarlega sem eigandi skipanna hafi verið sami lögaðilinn þann 1. júlí 2012.
- b) 15 þorskígildistonnnum skal úthlutað vegna samdráttar í veiðum á úthafsækju í Stykkishólmi. Einungis bátum þeirra aðila sem fengu úthlutað aflamarki í úthafsækju fiskveiðiaríð 2004/2005, en urðu fyrir skerðingu vegna ákvæða í reglugerð nr. 273/2005, verði úthlutað miðað við aflahlutdeild eins og hún var í upphafi þess fiskveiðiarís. Í umsókn skal geta sérstaklega ef sótt er um samkvæmt þessum lið.
- c) 96 þorskígildistonnnum, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiarís, skal úthlutað í hlutfalli við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, auk ígulkeru, í þorskígildum talið á tímabilinu 1. september 2011 til 31. ágúst 2012, sem keyrður var beint til vinnslu í Stykkishólmi, og/eða lönduðum botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, auk ígulkeru, í þorskígildum talið í Stykkishólmshöfn á sama tíma. Aðeins þeir bátar sem lönduðu eða fluttu til vinnslu í Stykkishólmi samtals 20 þorskígildistonn eða meira, samkvæmt ofansögðu, á fiskveiðiarinu 2011/2012 fá úthlutað samkvæmt þessum lið.
- d) Bátar geta fallið undir alla ofangreinda liði að uppfylltum skilyrðum.

#### Vopnafjörður.

Ákvæði reglugerðar nr. 628 frá 13. júlí 2012 gilda um úthlutun byggðakvóta Vopnafjarðar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiarís, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, skal skipt þannig:  $\frac{1}{4}$  hluta úthlutaðs byggðakvóta eftir brúttótonnum þeirra báta/skipa og  $\frac{1}{4}$  byggðakvótans jafnt,  $\frac{1}{2}$  byggðakvótans skal skipt hlutfallslega miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, sem landað var á Vopnafirði á tímabilinu 1. september 2011 til 31. ágúst 2012.
- b) Ekkert fiskiskip yfir 1.000 brúttótonnum fær úthlutun.
- c) Ákvæði 1. og 2. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu á Vopnafirði á tímabilinu frá

1. september 2012 til 31. ágúst 2013. Aflinn skal nema, í þorskígildum talið, *jöfnu* magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari.

### **Húnaþing vestra.**

Ákvæði reglugerðar nr. 628 frá 13. júlí 2012 gilda um úthlutun byggðakvóta Hvammstanga með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Byggðakvóta Húnaþings vestra verður skipt milli þeirra fiskiskipa sem gerð eru út frá Hvammstanga og fengið hafa úthlutun samkvæmt reglugerð nr. 675/2009 vegna aflabrests á rækju í innanverðum Húnaflóa og uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 628 frá 13. júlí 2012, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2012/2013. Skipting er eftirfarandi: 100% milli ofangreindra skipa þannig að til viðmiðunar verði meðaltal landaðs botnfiskafla, í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í Hvammstangahöfn síðastliðin þrjú fiskveiðiár, í þorskígildum talið. Viðmiðunarárin eru 3 síðustu fiskveiðiár, nú 2009/2010, 2010/2011 og 2011/2012.
- b) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta innan byggðarlagsins á tímabilinu frá 1. september 2012 til 31. ágúst 2013.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 13. desember 2012.*

F. h. r.  
**Ingvi Már Pálsson.**

\_\_\_\_\_  
*Hinrik Greipsson.*